

Starfslýsingar og hæfnikröfur í hönnunar- og handverksgreinum

Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina

Júní 2013

Starfslýsing

Gull- og silfursmiður hannar, þróar og annast gerð skartgripa, listmuna og nytjahluta úr gulli, silfri og öðrum málum, allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru. Hann vinnur með eðalsteinum og aðra steina sem eru notaðir í skartgripagerð.

Gull- og silfursmiður starfar á verkstæði tengdu verslun, sinnir þjónustu og ráðgjöf við viðskiptavinum ásamt sölu og markaðsmálum. Hann nýtir öryggisvarnir og vinnur í samræmi við umhverfisstefnu og gæðastefnu greinarinnar og almennar siðareglur.

Gull- og silfursmíði er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Gull- og silfursmiður:

- hefur umfangsmikla þekkingu á málum sem tengjast gull- og silfursmíði og helstu tegundum eðalsteinum auk annarra steina sem notaðir eru í skartgripum, héraðs og erlendis.
- gerir mót fyrir gerð gripa og steypir skartgripum. Hann sýnir hæfni við silfursmíði, leturgröft, steinaásetningu og málmyndskreytingu (síseleringu).
- húðar málma, gerir við og hreinsar flestar gerðir skartgripa.
- þekkir íslenskar hefðir í íslenskri skartgripagerð getur smíðað einfalda slíka muni.
- vinnur við hönnun og þróun gripa og framleiðslulína út frá eigin teikningum og hugmyndum sínum og annarra. Hann beitir viðeigandi vinnuaðferð hverju sinni og setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vörubrúun.
- hefur góð tök á notkun áhaldna og tækja og getur notað tölvutækni við þróun, hönnun og framleiðslu.
- þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisvarnir, m.a. gegn eitrefnum og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.
- fer eftir umhverfisstefnu. Hann tekur ábyrgð afstöðu til náttúruverndar, hefur tileinkað sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna og fylgir vistvænum viðmiðum við meðferð og losun eitrefna og annarra efna.
- fer eftir siðareglum, s.s. um virðingu fyrir faginu og nýtingu og endurvinnslu hráefnis.
- fer eftir gæðastefnu og leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð. Hann sýnir þjónustulund þegar hann sinnir viðskiptavinum af lipurð og háttvísi.
- getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi.
- sýnir sjálfstæð vinnubrögð, getur metið störf sín og annarra í gull- og silfursmíði á gagnrýninn hátt og tjáð sig um fagleg málefni á íslensku og erlendum tungumálum.
- þekkir sögu og menningararfleifð gull- og silfursmíði og möguleika til starfa í nútímanum.

Starfslýsing

Skósmiður vinnur að skósmíði allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru. Hann gengur frá fullbúnu skópari og annast viðgerðir og viðhald á skófatnaði og leðurvörum.

Skósmiður starfar á verkstæði tengdu verslun og sinnir þjónustu og ráðgjöf við viðskiptavinum. Hann gætir að góðri umgengni og öryggi við notkun handverkfæra, véla og efna. Hann gætir að meðferð og losun óvistvænna efna og starfar í samræmi við almennar siðareglur.

Skósmíði er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Skósmiður:

- hefur umfangsmikla þekkingu á tækjum og efnum sem tengjast skósmíði.
- gerir við skó, endurnýjar slitna fleti og annast frágang á skófatnaði. Hann setur upp hæl á karlmannskóm, sólar og setur hælplötur á kvenskó, festir hæla, setur bót við sóla og hæl og ylfjöður í skó með botnstykki. Hann skiptir um fóðursóla og saumar lausa rönd og rennilás á skó.
- getur unnið eftir teikningum og beitir viðeigandi vinnuaðferð hverju sinni. Hann notar áhöld, tæki og efni af öryggi.
- pinnar inn yfirleður á leista og gengur frá fullbúnu skópari.
- þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisvarnir, m.a. í umgengni við áhöld, vélar og efni og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu og notkun á viðeigandi hlífðarfatnaði.
- hefur tileinkað sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna, þekkir áhrif þeirra á umhverfið og fylgir vistvænum aðferðum við meðferð og losun þeirra.
- fer eftir siðareglum og sýnir virðingu gangvart faginu, handbragði og nýtingu efna.
- er í góðum samskiptum við birgja, samstarfsaðila og viðskiptavinum.
- leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð og sýnir þjónustulund þegar hann sinnir viðskiptavinum af lipurð og háttvísi. Hann er meðvitaður um aðstöðu og aðkomu á verkstæði fyrir viðskiptavinum.
- getur tjáð sig um fagleg málefni á íslensku og erlendum tungumálum.

Starfslýsing

Söðlasmiður vinnur að söðlasmíði allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru og annast viðgerðir og viðhald á reiðtygjum og annarri leðurvöru.

Söðlasmiður starfar á verkstæði tengdu verslun, sinnir þjónustu við viðskiptavinum og ráðgjöf og sölu. Hann gætir að góðri umgengni og öryggi við notkun áhalda, véla og efna og vinnur í samræmi við almennar siðareglur.

Söðlasmíði er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Söðlasmiður:

- hefur umfangsmikla þekkingu á tækjum, handverkfærum og efnum sem tengjast söðlasmíði.
- annast nýsmíði, sníður efni og undirbýr fyrir frekari vinnslu, t.d. á reiðtygjum og annarri leðurvöru.
- annast viðhald og viðgerðir á reiðtygjum, t.d. skiptir hann um lóf og móttök, stoppar í dýnur og gerir við höfuðleður. Hann annast breytingar á reiðtygjum, skálmum, tösnum og annarri leðurvöru.
- getur unnið eftir teikningum og beitir viðeigandi vinnuáferð hverju sinni. Hann forgangsraðar verkefnum á verkstæði, undirbýr vinnusvæði og setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk.
- hefur góð tök á notkun áhalda og tækja og getur notað tölvutækni við upplýsingaöflun og hugmyndaþróun.
- þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisvarnir og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.
- fer eftir siðareglum, sýnir virðingu gagnvart faginu og hefur tileinkað sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna og þekkir áhrif þeirra á umhverfið.
- er í góðum samskiptum við birgja, samstarfsaðila og viðskiptavinum.
- leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð um val á vörum og viðhaldi í samræmi við óskir og tilefni. Hann sýnir þjónustulund þegar hann sinnir viðskiptavinum af lipurð og háttvísi.
- getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi.
- getur tjáð sig um fagleg málefni.

Starfslýsing

Kjólasveinn sérsaumar kvenfatnað og annast viðeigandi vinnu sem því tengist. Hann veitir viðskiptavinum persónulega ráðgjöf og þjónustu og ber ábyrgð á útkomu vinnu sinnar gagnvart viðskiptavinum.

Kjólasveinn starfar í fataverksmiðjum, á saumastofum eða eigin verkstæði og í samræmi við almenna gæðastaðla og gæðaferla viðkomandi fyrirtækis og almennar siðareglur.

Kjólasaumur er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Kjólasveinn:

- annast innkaup á efnum og öðrum vörum sem þarf á saumastofu. Hann þekkir eiginleika og kosti efna sem notuð eru í kjólasaum og hefur vald á mismunandi saumatekni og fatagerð.
- tekur mál, mælir, útfærir snið og breytir þeim eftir atvikum. Hann sníður og sýnir hæfni þegar hann sérsaumar kvenfatnað samkvæmt eigin útfærslu eða óskum viðskiptavinar.
- getur unnið eftir teikningum og beitir viðeigandi vinnuaðferð hverju sinni. Hann setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vöruþróun.
- skipuleggur verkferla m.t.t. viðfangsefna, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði. Hann sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og getur haft faglega umsjón með verkefnum á saumastofu í samstarfi við meistara.
- hefur góð tök á notkun tækja og handverkfæra og getur notað tölvutækni við hugmyndaþróun.
- þekkir orsakir vinnuslysa, vinnur í samræmi við öryggisstaðla á vinnustað og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.
- gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem efni geta haft.
- sýnir heiðarleika og fer eftir siðareglum, hann sýnir virðingu gagnvart faginu og höfundarrétti.
- leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð. Hann sýnir viðskiptavinum þjónustulund og trúnað og hefur skilning á þörfum þeirra.
- getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi.
- getur tjáð sig um fagleg málefni á íslensku og erlendum tungumálum.
- þekkir sögu og menningu tísku og fataiðnaðar.

Starflýsing

Klæðskeri sérþaumar herraþatnað og annast viðeigandi vinnu sem því tengist. Hann veitir viðskiptavinum persónulega ráðgjöf og þjónustu og ber ábyrgð á útkomu vinnu sinnar gagnvart viðskiptavinum.

Klæðskeri starfar í fataverksmiðjum, á saumastofum eða eigin verkstæði og í samræmi við almenna gæðastaðla og gæðafarla viðkomandi fyrirtækis og almennar siðareglur.

Klæðskurður er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Klæðskeri:

- annast innkaup á efnum og öðrum vörum sem þarf á saumastofu. Hann þekkir eiginleika og kosti efna sem notuð eru í herraþatnað og hefur vald á mismunandi saumataekni og fatagerð.
- tekur mál, mælir, teiknar og útfærir snið og breytir þeim eftir atvikum. Hann sniður og sýnir hæfni þegar hann sérþaumar herraþatnað samkvæmt eigin útfærslu eða óskum viðskiptavinar.
- getur unnið eftir teikningum og beitir viðeigandi vinnuáðferð hverju sinni. Hann setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vöruþróun.
- skipuleggur verkferla m.t.t. viðfangsefna, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði. Hann sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og getur haft faglega umsjón með verkefnum á saumastofu í samstarfi við meistara.
- hefur góð tök á notkun tækja og áhalda og getur notað tölvutækni við hugmyndaþróun.
- þekkir orsakir vinnuslysa, vinnur í samræmi við öryggisstaðla á vinnustað og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.
- gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem efni geta haft.
- sýnir heiðarleika, fer eftir siðareglum og sýnir virðingu gagnvart faginu og höfundarrétti.
- leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð. Hann sýnir viðskiptavinum þjónustulund og trúnað þegar hann sinnir þeim af lipurð, háttvísi og kunnáttu og hefur skilning á þörfum þeirra.
- getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi.
- getur tjáð sig um fagleg málefni á íslensku og erlendum tungumálum.
- þekkir sögu og menningu tísku og fataiðnaðar.

Starfslýsing

Fatataeknir teiknar og útfærir einföld snið, vinnur við fatagerð og sölu á fatnaði og önnur verkefni tengd fataiðnaði. Hann vinnur í fataverksmiðjum og á saumastofum og í samræmi við verkferla og gæðastaðla viðkomandi fyrirtækis og almennar siðareglur.

Fatataekni veitir undirbúning fyrir nám í kjólasaum/klæðskurði eða annað sérnám í fataiðn.

Hæfnikröfur

Fatataeknir:

- þekkir eiginleika og kosti efna sem notuð eru í fataiðn. Hann getur teiknað og útfært einföld snið og hefur vald á grunnþáttum í saumtækni.
- getur unnið eftir teikningum og í samræmi við verklýsingar. Hann getur beitt tækjum og handverkfærum og hagnýtt tölvutækni í hugmyndaþróun.
- þekkir orsakir vinnuslysa, vinnur í samræmi við öryggisstaðla á vinnustað og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.
- sýnir frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og heiðarleika. Hann fer eftir siðareglum og sýnir virðingu gagnvart faginu og höfundarrétti.
- vinnur í samræmi við gæðastaðla og gæðaferla fyrirtækis og sýnir viðskiptavinum þjónustulund.
- þekkir að einhverju leyti sögu og menningu fataiðnaðar.

Starfslýsing

Tækniteiknari vinnur við framsetningu og útgáfu teikninga og tilheyrandi gagna á teiknistofum fyrirtækja, ráðgefandi verkfræðinga, arkitekta, ríkisstofnana, bæjarfélaga og hjá fleiri aðilum. Tækniteiknari er vandvirkur, hefur skipulagshæfileika og hefur góð tök á hugbúnaði sem tengist framsetningu og útgáfu teikninga. Hann vinnur í samræmi við reglugerðir, staðla og vinnureglur og almennar siðareglur.

Hæfnikröfur

Tækniteiknari:

- skilur lagskiptingu, línuþykktir, blaðuppsetningar, plottstíla og notkun teikninga sem grunn undir aðrar teikningar og hann skilur aðferðafræði BIM samhæfðs hugbúnaðar.
- les úr teikningum og útskýrir þær. Hann leggur fram teikningar ásamt tilheyrandi vinnugögnum, ber ábyrgð á því að þær séu rýndar og gerir viðeigandi lagfæringar að rýni lokinni. Hann merkir teikningar og gengur frá þeim í samræmi við gildandi reglugerðir, staðla og vinnureglur.
- tekur við skissum og vinnugögnum og teiknar upp í tvívíðum eða þrívíðum teikniforritum.
- býr til hnitaskrár, tekur saman fleti, lengdir og magntölur, með og án aðstoðar BIM.
- tekst á við sérhæfð verkefni, svo sem stafræna myndatöku og einfalda myndvinnslu.
- notar teikniforrit, staðlaðar uppsetningar og form fyrir t.d. teikniverkefni. Hann sér um umsjón og uppfærslu teiknigrunna og annast teikningaskrár og teikninganúmerakerfi.
- gengur frá vinnugögnum með skipulögðum hætti, tekur þátt í skipulagningu við vistun skjala og ber ábyrgð á möpputrygging. Hann sér um uppsetningu og viðhald samsettra þrívíddarmódelar til samræmingar og árekstraprófana.
- skilur skráarsamskipti, t.d. með netþósti eða í gegnum netþjóna og þekkir kosti og takmarkanir mismunandi rafræna samskiptaforma. Hann skilur grundvallarvirkni netkerfa og jaðartækja.
- hefur grunnskilning á verkáætlunum og áætlanahugbúnaði og þekkir aðferðafræði gæðastjórnunar og vottana.
- fer eftir siðareglum og sýnir virðingu gagnvart faginu og höfundarrétti.
- annast samskipti við prentstofur um prentun, frágang og dreifingu teikningasetta.
- sýnir viðskiptavinum þjónustulund og trúnað.
- sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og getur tjáð sig um fagleg málefni bæði á íslensku og erlendu tungumáli.